

Nd.

711. Breytingartillögur

[206. mál]

við frv. til l. um kaup á sex skuttogurum.

Frá Lúðvík Jósefssyni og Jóni Skaftasyni.

1. Við 1. gr.

a) 1. málsgr. orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að láta smíða allt að 12 skuttogara, 1000—1200 rúml. að stærð, í þeim tilgangi, að þeir verði seldir einstaklingum, félögum eða bæjar- og sveitarfélögum.

b) Ný málsgr. komi á eftir 1. málsgr., svo hljóðandi:

Ríkisstjórnin skal jafnframt beita sér fyrir, að smíðaðir verði allt að 8 skuttogarar 500—700 rúml. að stærð og verði þeir seldir einstaklingum, félögum eða bæjar- og sveitarfélögum.

2. Við 2. gr. Við greinina bætist:

Nú óskar bæjar- eða sveitarfélag, eða útgerðarfélag, sem það er verulegur aðili að, eftir kaupum á skipi, sem smíðað er samkv. lögum þessum, og skal þá ríkissjóður leggja fram 10% af byggingarkostnaði skips, og fer um endurgreiðslu þess samkvæmt þessari grein.

3. Á eftir 3. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast allt að 90% af kostnaðarverði verk-smiðjutogara fyrir Úthaf h/f gegn fullnægjandi tryggingum.